

Priðjudaginn 25. maí 1976.

Nr. 108/1974. Einar B. Pálsson

Gunnar Sigurðsson

Guttormur Þormar

Loftur Þorsteinsson og

Ragnar Ingimarsson

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Háskóla Íslands

Menntamálaráðherra f. h.

Menntamálaráðuneytis og

Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og gagnsök

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Þóknun fyrir nefndarstörf.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. maí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefjast þeir þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða þeim 583.750 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. júní 1974. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Atvikum máls er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu krefja aðaláfrýjendur sameiginlega gagnáfrýjendur um eina fjárhæð óskipt vegna starfa sinna í nefnd þeirri, sem í málinu greinir. Að vísu verður að líta svo á, að hver aðaláfrýjenda hafi eigi átt samkvæmt almennum réttar-

reglum kröfu til annars en síns hluta af heildarendurgjaldi fyrir nefndarstörf. Þær kröfur hefðu þeir þó mátt sækja í sama máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem aðaláfrýjendur hafa hagað kröfugerð sinni í málinu eins og að framan greinir, ágreiningslaust er, hverja þóknun hver þeirra reiknar sér og hve mikið hver þeirra hefur fengið goldið, og gagnáfrýjendur hafa enn fremur engum athugasemdum hreyft við kröfugerðinni að þessu leyti, þá þykir mega leggja dóm á málið eins og það er lagt fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi voru hverjum aðaláfrýjenda greiddar í júlímánuði 1971 30.000 krónur fyrir nefndarstörf þau, er hér um ræðir, eða samtals 150.000 krónur. Í maímánuði 1972 greiddi Háskóli Íslands aðaláfrýjendum Einari, Gunnari og Guttormi 80.000 krónur hverjum, Lofti 60.000 krónur og Ragnari 50.000 krónur. Hafa aðaláfrýjendur Einar, Gunnar og Guttormur þannig fengið greiddar 110.000 krónur hver, Loftur 90.000 krónur og Ragnar 80.000 krónur, eða alls 500.000 krónur. Eru greiðslur þessar í samræmi við ákvörðun trúnaðarmanna fjármálaráðuneytis frá 4. maí 1972, sem í héraðsdómi er rakin.

Í héraðsdómi greinir frá bréfi háskólarektors 30. júlí 1970 til deildarforseta verkfræðideildar um greiðslur fyrir nefndarstörf sín og viðtali deildarforseta og háskólaritara um ákvörðun þóknunar til nefndarmanna. Enn fremur segir þar frá skilaboðum þeim, er deildarforseti flutti á fyrsta fundi nefndarinnar um þetta efni, og því, sem frá er greint um sama efni í fundarboði nefndarformanns, aðaláfrýjanda Lofts, 7. september 1970. Þegar gögn þessi eru virt og það, sem aðaláfrýjendur sjálfir hafa borið um vitneskju sína um þau, verður að telja, að þeim hafi verið eða átt að vera ljóst, að þóknun fyrir störf sín yrði ákveðin af stjórnvöldum. Hins vegar máttu þeir treysta því, að þeim yrði ákveðin sanngjörn greiðsla fyrir störf sín.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að fjárhæð sú, sem trúnaðarmenn fjármálaráðuneytis ákváðu aðaláfrýjendum Einari, Gunnari og Guttormi, 110.000 krónur hverjum, sé ósanngjörn. Hins vegar verður ekki talið, að rök hafi legið til þess

að ákveða aðaláfrýjendum Lofti og Ragnari lægri þóknun en öðrum nefndarmönnum, þótt þeir væru á þessum tíma starfsmenn Háskóla Íslands. Var enginn fyrirvari um þetta gerður, er þeir voru skipaðir í nefndina. Þá þykja ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954 ekki eiga að leiða til þess, að þóknun þeirra eigi að verða lægri en annarra nefndarmanna. Samkvæmt þessu þykir heildarþóknun nefndarmanna eiga að vera 550.000 krónur. Verður því krafa aðaláfrýjenda tekin til greina með 50.000 krónum ásamt vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjendum 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Háskóli Íslands, menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjendum, Einari B. Pálssyni, Gunnari Sigurðssyni, Guttormi Þormar, Lofti Þorsteinsyni og Ragnari Ingimarssyni, 50.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. janúar 1974.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 27. júní 1972. Munnlegur málflutningur fór fram 12. desember sl., og var málið dómtekið að honum loknum. Endurflutningur fór þó fram þann 14. janúar 1974, og var málið dómtekið á ný að endurflutningi loknum.

Stefnendur máls þessa eru Einar B. Pálsson verkfræðingur, Ægisíðu 44, Reykjavík, Gunnar Sigurðsson verkfræðingur, Stekkjarflöt 18, Garðahreppi, Guttormur Þormar verkfræðingur, Skeiðarvogi 45, Reykjavík, Loftur Þorsteinsson verkfræðingur,

Álfheimum 58, Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson verkfræðingur, Mávanesi 22, Garðahreppi.

Stefndu eru háskólaректор f. h. Háskóla Íslands, menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði gert að greiða þeim kr. 583.750 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1972 til 16. maí 1973, en 1½% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi að mati réttarins.

Sáttir hafa verið reyndar í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0

2.1. Deilumál þetta snýst um endurgjald til stefnenda vegna álitsgerðar, er þeir sömdu fyrir stefndu um námstílhögun í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Upphaf málsins er það, að nám í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands var takmarkað við fyrri hluta í þeirri grein, þannig að nemendum var kleift að ljúka þriggja ára námi við Háskóla Íslands, en urðu síðan að fara erlendis og ljúka þar námi. Tekin var ákvörðun um það að gefa nemendum kost á að ljúka námi við Háskóla Íslands í verkfræði með svonefndu B. S.-prófi. Þrjár sjálfstæðar 5 manna nefndir, þ. e. ein fyrir byggingarverkfræði, ein fyrir véla- og skipaverkfræði og ein fyrir rafmagnsverkfræði, voru fengnar til þess að leggja grundvöll að tilhögun og námsefnisskrá fyrir nám þetta.

Stjórnarnefnd verkfræðiskorar verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands sendi forseta deildarinnar, Þorbirni Sigurgeirsyni, tillögur um nefndarmenn í umræddar nefndir með bréfi, dags. 23. mars 1970. Deildarforseti sendi síðan rektor Háskóla Íslands bréf, dags. 25. mars 1970, þar sem segir, að deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildarinnar hafi tjáð sig samþykka tillögum verkfræðiskorar. Í framhaldi af því sendi rektor Háskólans bréf til menntamálaráðuneytisins, dags. 11. maí 1970, sem segir m. a.:

„... Á fundi Háskólaráðs 9. apríl var heimiluð nefndaskipun á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar til að gera áætlanir um einstaka þætti væntanlegrar kennslu til almennra prófa (B. S.

prófa) í verkfræðigreinum. Heimild Háskólaráðs er bundin því skilyrði, að fjárveitingar fáið ...“.

Þá ritaði menntamálaráðuneytið rektor Háskóla Íslands bréf 3. júní 1970, þar sem segir m. a.: „... Ráðuneytið er fyrir sitt leyti samþykkt skipun framangreindra nefnda, en tekið skal fram, að utanferðir og/eða heimboð sérfræðinga vegna nefndarstarfanna þarf að bera undir ráðuneytið hverju sinni“.

Þann 30. júní 1970 ritar rektor Háskólans fyrrnefndum Þorbirni Sigurgeirssyni, deildarforseta verkfræði- og raunvísinda-deildar, bréf (dskj. nr. 17), sem m. a. hljóðar svo: „Hér með leyfi ég mér að tjá yður, hr. deildarforseti, að samkvæmt fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins hef ég skipað eftirtaldar nefndir að tillögu verkfræðiskorar til undirbúnings væntanlegri kennslu til B. S.-prófs í byggingarverkfræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði: Byggingarverkfræði: Einar B. Pálsson, Guttormur Þormar, Jónas Elíasson, Loftur Þorsteinsson, formaður, Ragnar Ingimarsson ... er þess farið á leit við yður, hr. deildarforseti, að þér gerið hlutaðeigandi þetta kunnugt, jafnframt því sem þér áður komist að samkomulagi við háskólaritara um væntanlegar greiðslur“. Í mótmælttri og óstaðfestri aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, kveðst þáverandi háskóla- rektor, Magnús Már Lárusson, hafa álitnið fyrirvarann um greiðslu, sem um getur í nefndu bréfi hans 30. júní 1970, nauðsynlegan til þess að undirstríka, að Háskóla Íslands væri skylt að leita úrskurðar um kostnað við nefndir með sama hætti og öðrum ríkisstofnunum, sem verða að greiða slíkan kostnað af rekstrarfjárveitingu með samþykki fjármálaráðuneytisins.

Í vitnaskýrslu hér fyrir dómi kvaðst Þorbjörn Sigurgeirsson hafa reynt að fá upplýsingar hjá háskólaritara, hverjar yrðu væntanlegar greiðslur og hvaða reglum yrði fylgt. Upplýsingarnar ritaði Þorbjörn hjá sér (á dskj. nr. 17), en þær voru þessar: „Um þóknun fyrir nefndarstörfin fer skv. ákvörðun trúnaðarmanna fjármálaráðuneytisins um þóknun fyrir slík störf“. Þáverandi háskólaritari, Jóhannes L. L. Helgason, hefur gefið skýrslu um þetta atriði hér fyrir dómi. Hann kvaðst ekki minnast þess, hvað hann og deildarforseti ræddu um greiðslur á þessum tíma, en taldi þó þau skilaboð, sem Þorbjörn ritaði hjá sér og rakin voru hér áðan, vera rétt. Hann kvaðst enn fremur gera ráð fyrir að hafa svarað því, að þessi þóknun yrði ákveðin af trúnaðarmönnum fjármálaráðuneytisins. Þetta byggði vitnið á því, að sá háttur væri hafður á um slíkar þóknanir almennt, að því

er hann best vissi. Ekki kvaðst vitnið minnast þess að hafa fengið nein skilaboð frá yfirvöldum Háskólans eða ráðuneytinu um greiðslu til nefndarmanna.

Þorbjörn Sigurgeirsson deildarforseti ritaði ódagsett fundarboð, sem mun hafa verið sent um miðjan júlí 1970, þar sem hann tilkynnir m. a., að rektor Háskóla Íslands hafi skipað áðurnefnda menn til undirbúnings kennslu til B.S.-prófs í byggingarverkfræði. Segir í fundarboðinu, að þess sé vænst, að endanlegt álit nefndanna liggi fyrir 1. júlí 1971. Voru allir nefndarmenn boðaðir á sameiginlegan fund þann 20. júlí 1970.

Nú er frá því að segja, að Jónas Elíasson, einn af þeim, sem tilnefndur hafði verið í nefndina, gat ekki sinnt nefndarstörfum. Í stað hans kom Gunnar Sigurðsson, en hann er einn af stefnendum máls þessa ásamt hinum nefndarmönnum. Ekki verður séð af gögnum málsins, hvort Jónas sótti yfirleitt fundi á vegum nefndarinnar. Gunnar Sigurðsson tók fyrst þátt í nefndarfundum 5. okt. 1970. Á þessum tíma og á meðan nefndarstörf voru unnin, störfuðu þeir stefnendur Einar og Gunnar sjálfstætt að verkfræðisstörfum, stefnandi Guttormur starfaði hjá borgarverkfræðingi, stefnandi Loftur var prófessor við Háskóla Íslands og stefnandi Ragnar var starfsmaður Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, en um mitt ár 1971 var hann skipaður dósent við Háskóla Íslands.

Fremur er óljóst, hverjir stefnenda voru mættir á fyrrgreindum fundi, sem haldinn var 20. júlí 1970. Þó hafa stefnendur ekki mótmælt að hafa fengið vitneskju um fundarboðunina. Í skýrslu Þorbjörns Sigurgeirssonar, deildarforseta, hér fyrir dómi kveður hann sér óhætt að fullyrða, að flestir af stefnendum hafi verið á fundi þessum. Kveðst Þorbjörn þar og þá hafa lesið upp á fundinum fyrrgreindar upplýsingar um þóknun fyrir nefndarstörf. Nánar sagði Þorbjörn, að sér hafi skilist á háskólaritara, að verið væri að semja einhverjar reglur um greiðslur fyrir nefndarstörf, þ. e. fjármálaráðuneytið væri að láta semja reglur, en þessu verki hefði ekki verið lokið og þess vegna væri ekki hægt að tilkynna reglurnar sjálfar. Hins vegar kvaðst vitnið hafa búist við, að þessar reglur mundu koma í ljós fljótlega. Hann kvaðst hafa reynt að fá upplýsingar um það hjá háskólaritara, hvaða reglum yrði fylgt um greiðslur, en sér hafi ekki tekist að fá annað en þau skilaboð, sem vitnið kvaðst hafa lesið upp á fundinum. Þorbjörn var um það spurður, hvort einhver nefndarmanna hefði rætt sérstaklega um væntanlega þóknun fyrir nefndarstörfin við

hann umfram það, sem hafi verið rætt á fyrsta fundi nefndarinnar, þann 20. júlí 1970. Vitnið vildi ekkert um þetta fullyrða, en taldi það þó líklegt, þar sem þessi mál hefðu verið rædd töluvert utan funda.

Umboðsmaður stefnenda hefur lagt fram bréf, dags. 7. september 1970, sem hefur að geyma fundarboð og er undirritað af stefnanda Lofti Þorsteinssyni, formanni nefndarinnar. Bréfið hefur verið þingmerkt nr. 16. Í bréfinu segir m. a. svo: „... Hinn 20. 7. 1970 boðaði deildarforseti, próf. Þorbjörn Sigurgeirsson, nefndir skipaðar af háskólaþingi, próf. Magnúsi Má Lárussyni, til undirbúnings til kennslu til B.S.-prófs í byggingarverkfræði, véla- og skipaverkfræði og raforku- og fjarskiptaverkfræði til kynningarfundar í Raunvísindastofnun Háskólans. Í fundarboði var gerð grein fyrir verkefni nefndanna og tímamörkum varðandi starf þeirra, en á fundinum kom m. a. eftirfarandi fram: 1) Deildarforseti lét þess getið, að greiðslur fyrir nefndarstörf yrðu ákveðnar í samráði við trúnaðarmann fjármálaráðuneytisins og af hálfu deildarinnar hafi verið gerð grein fyrir væntanlegum kostnaði vegna gagnaöflunar, hugsanlegra kynnisferða til erlendra háskóla og heimsóknar frá þeim. Væri þess að vænta, að úrlausn fengist í slíkum málum ...“.

Allir stefnendur hafa gefið aðiljaskýrslu um umrætt atriði hér fyrir dómi. Í skýrslu stefnanda Ragnars segir, að ekkert hafi verið rætt um endurgjald fyrir verkið, áður en nefndin var skipuð. Hins vegar hafi Þorbjörn Sigurgeirsson, þáverandi deildarforseti, boðað til fundar í upphafi og skýrt mönnum frá því, til hvers væri ætlast, og hélt Ragnar, að þar hafi verið rætt um greiðslur fyrir verkið. Alla vega hafi verið tekið fram í fundarboði formanns nefndarinnar (sbr. dskj. nr. 16), að greitt yrði fyrir verkið og talað um samráð við fulltrúa fjármálaráðuneytisins eða eitt-hvað slíkt. Stefnandi Gunnar var um það spurður, hvort honum hafi verið um það kunnugt, að tveimur trúnaðarmönnum fjármálaráðuneytisins hefði verið falið að meta þóknanir fyrir nefndarstörf. Gunnar kvaðst hafa heyrt um það rætt, að einhver slík nefnd væri til, en tók fram, að hann sjálfur hefði ekki verið skipaður í nefndina, heldur Jónas Eliasson. Sagði Gunnar, að aldrei hefði verið rætt við sig um neinn grundvöll fyrir þóknuninni. Hins vegar kveðst hann hafa heyrt ávæning af því, að menn væru starfandi á vegum ráðuneytisins, sem mætu slíkar þóknanir. Stefnandi Loftur segir í skýrslu sinni, að frá upphafi hafi verið reiknað með, að þessar nefndir yrðu launaðar, enda skipaðar að

verulegu leyti af mönnum utan Háskólans. Hann minnti, að deildarforseti hefði lýst því yfir, að nefndarstörf yrðu launuð og greiðslur yrðu ákveðnar í samráði við trúnaðarmann fjármálaráðuneytisins. Hins vegar hafi greiðsluformið aldrei komið neitt til umræðu öðru vísi en svo, að nefndarmenn reiknuðu með að fá verulegar greiðslur fyrir verkið. Loftur sagði, að á þessum tíma, þ. e. meðan nefndarstörf voru unnin, hafi sér ekki verið kunnugt um, að trúnaðarmönnum fjármálaráðuneytisins væri falið að meta þóknanir fyrir nefndarstörf. Í skýrslu stefnanda Einars segir, að Háskóli Íslands hafi snúið sér til stefnenda og einungis hafi verið rætt um það, að störfin yrðu greidd. Kveðst hann hafa gengið út frá því, að þetta yrði greitt á svipaðan hátt og önnur verkfræðistörf. Hann kvaðst hvorki minnst þess, að rætt hafi verið um fjárhæð eða aðra viðmiðun. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að tveir trúnaðarmenn fjármálaráðuneytisins hefðu það verkefni að meta þóknanir fyrir nefndarstörf. Í skýrslu stefnanda Guttorms segist hann hafa mætt á einum fundi, sem deildarforseti, Þorbjörn Sigurgeirsson, boðaði til. Hann kvaðst ekki muna, hvort rætt hefði verið um greiðslur annað en það, sem rætt væri í síðustu málsgrein á dskj. nr. 16 (reifað hér að ofan). Kvaðst Guttormur halda, að stefnendur hefðu reiknað með því, að samkomulag yrði um þetta og að þóknunin yrði að einhverju leyti byggð á gjaldskrá verkfræðinga. Að minnsta kosti kveðst Guttormur hafa litið svo á.

2.2. Samkvæmt aðiljaskýrslum og öðrum gögnum málsins hagaði nefndin störfum sínum þannig, að reglulegir fundir voru haldnir á mánudagskvöldum frá kl. 1700, og stóðu þeir í tvær til þrjár klukkustundir í hvert sinn. Urðu fundirnir 60 samtals, og hefur endurrit af fundargerðum verið lagt fram í málinu. Milli fundanna einstakir fundarmenn að athugun á atriðum, sem verkið snerti. Fundirnir sjálfir voru því að verulegu leyti skoðanaskipti nefndarmanna á því, sem hver einstaklingur hafði kannað eða samið milli fundanna. Í aðiljaskýrslum kemur fram, að nefndarmenn héldu skýrslur um vinnustundafjölda þann, sem fór í umrædd nefndarstörf. Nefndarstörf stóðu frá því sumarið 1970 og til ársloka 1971 og reyndar fram í janúar eða febrúar 1972. Formlegum nefndarstörfum lauk þó síðast á árinu 1971.

Aðiljaskýrslur stefnanda Ragnars og Lofts fjalla um framvísun reiknings og afhendingu skýrslunnar. Í aðiljaskýrslu Ragnars segir um þetta, að í ársbyrjun 1972 hafi hann, Ragnar, og prófessor Loftur Þorsteinsson gengið á fund rektors til þess að skýra

honum frá, hvernig málum væri komið og að nú væri störfum lokið. Jafnframt höfðu þeir meðferðis reikning, en þeim hafi verið fyrirlagt af samnefndarmönnum að afhenda ekki skýrsluna fyrr en ljóst væri, að reikningurinn yrði greiddur. Rektor hafi ekki gert athugasemdir við reikninginn, hvorki uppsetningu hans né upphæð, aðra en þá, að hann taldi, að Háskólinn mundi eiga í nokkrum erfiðleikum með að greiða upphæðina alla í einu, og ræddi um, að afborgun kæmi til greina, ef til vill yfir 6 mánaða tímabil. Þeir Loftur hafi því talið sig hafa fengið næga fullvissu fyrir því, að reikningurinn yrði greiddur, og afhent rektor upp- lag skýrslunnar næsta dag. Skýrslan hafi síðan verið send út til dreifingar. Framburður stefnanda Lofts um þetta atriði er í öllum aðalatriðum samhljóða. Í mótmæltu og óstaðfestu bréfi þáverandi rektors Háskólans, Magnúsar Más Lárussonar, segir svo um þetta: „... Seint í janúar 1972 var nefndarálitið í byggingar- verkfræði loks tilbúið, og leituðu þeir prófessor Loftur Þorsteins- son og núverandi prófessor Ragnar Ingimarsson til mín um greiðslu fyrir verkið. Nú er það að athuga, að slíkir reikningar eru aldrei greiddir nema í samráði við menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið, ekki sízt þar sem hér var sýnilega um verulegar upphæðir að ræða frá nefndunum þrem, sem fjárveit- ingaheimild var ekki nægilega há til að greiða. Þegar svo stendur á, er rektorsembættið aðeins afgreiðsluliður milli nefndar og ráðuneyta. Hitt var það, að mjög brýn þörf var talin á, að álitin kæmu sem fyrst fram, þar sem hafin var bygging yfir verkfræði- og raunvísindadeild, en álitin mundu þar hafa áhrif á til að mynda rýmisþarfir. Þegar komið var með nefndarálitið og reikninginn til mín, tók ég fram, að ég yrði að framsenda reikninginn til menntamálaráðuneytisins, sem síðan mundi senda hann trúnað- armönnum fjármálaráðuneytisins um nefndarpóknanir til úr- skurðar ...“. Umræddur reikningur hefur verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur í janúar 1972. Af honum og aðilja- skýrslum stefnenda kemur fram, að stefnendur hafa miðað við kr. 750 á tímann samkvæmt taxta verkfræðingafélags Íslands, en allir kveðast stefnendur vera í því félagi. Fram kemur af reikn- ingnum, að þeir hafa einungis áskilið sér kr. 500 á tímann, og kveða stefnendur þar vera um að ræða afslátt. Af reikningnum sést, að áður höfðu verið greiddar inn á hann kr. 150.000, þannig að eftirstöðvar hans voru þá taldar kr. 572.500. Af skjölum máls- ins verður ráðið, að þáverandi rektor hafi sent umræddan reikn- ing til menntamálaráðuneytisins.

Loks er að finna á dskj. nr. 9 svofellt bréf, dags. 4. maí 1972, en bréf þetta er sagt stafa frá umræddri matsnefnd fjármálaráðuneytisins: „Með vísun til bréfs menntamálaráðuneytisins, dags. 2. þ. m., sbr. bréf þess frá 7. mars sl., telja undirritaðir, að heildarþóknunin til hvers þeirra nefndarmanna, sem ekki eru starfsmenn Háskóla Íslands, sé hæfilega metin kr. 110.000.00. Þá telja undirritaðir þóknun Ragnars Ingimarssonar hæfilega metna kr. 80.000.00 og Lofts Þorsteinssonar, formanns nefndarinnar, kr. 90.000.00“. Undir þetta bréf rituðu þeir starfsmenn ráðuneytisins, sem á þessum tíma höfðu það starf að meta slíkar þóknanir.

3.0.

3.1. Sókn sakar er á því reist, að stefnendur hafi verið beðnir um að vinna ákveðið verk í þágu stefndu, án þess að nokkuð væri minnst á greiðslu fyrir verkið. Samkvæmt meginreglum laga beri þeim því sanngjörn greiðsla fyrir verkið. Verkefnið hafi verið þess eðlis, að nefndarmönnum verði ekki talið skylt að vinna það sem hluta hins fasta starfs, hvorki þeim, sem voru í þjónustu ríkisins, né hinum. Verði ekki séð, að hið opinbera eða Háskólinn eigi rétt á því, að menn starfi fyrir þá á lægri launum en fyrir aðra. Engin lagaheimild leiði heldur til slíkrar niðurstöðu og stefnendum hafi alls ekki verið kunnugt um neina venju í þessa átt.

Í annan stað er á það bent, að stefnendur hafi afhent rektor Háskólans álitserðina ásamt reikningi. Hafi rektor tekið við hvoru tveggja og engar athugasemdir gert, aðrar en þær, að reikningurinn yrði sennilega ekki greiddur alveg strax. Álitserðinni hafi þegar í stað verið dreift til þeirra aðilja, sem hana áttu að fá. Athugasemdalaus móttaka rektors Háskólans og nýting hans á verkinu og loforð hans um greiðslu skuldbindi hann sjálfstætt til að greiða reikninginn að fullu.

Stefnendur benda á, að allt starfið hafi verið unnið utan reglulegs vinnutíma. Þeir hafi reiknað með að fá greiðslu sem næst þegar í stað og hafi veitt afslátt af þeim sökum. Þar sem staðgreiðsla brást, telja stefnendur sig nú óbundna af afslættinum. Krefjast þeir nú allrar fjárhæðar miðað við kr. 750 á vinnustund. Samkvæmt málsútlistun stefnenda hafi Einar innt af höndum 285 tíma, Gunnar 270 tíma, Guttormur 280 tíma, Loftur 310 tíma og Ragnar 300 tíma. Samtals 1445 stundir. Miðað við 750 krónur á vinnustund verði reikningsfjárhæðin alls kr. 1.083.750, en inn á

þá fjárhæð hafi þegar verið greitt samtals kr. 500.000. Eftirstöðv-
arnar séu því stefnufjárhæðin, þ. e. kr. 583.750.

3.2. Stefndu benda á, að þóknun til stefnenda hafi verið ákveð-
in svo sem venja sé til af sérstökum matsmönnum ríkisins, sem
meti þóknanir. Slík yfirlýsing hafi verið tekin fram í skipunar-
bréfi til stefnenda, eða að minnsta kosti í gegnum deildarforseta
verkfræðideildar. Auk þess hafi stefnendum verið kunnugt um
þennan hátt um greiðslur frá ráðuneytinu.

Umrædd matsnefnd, sem umboðsmaður stefndu telur, að skipuð
hafi verið fyrst innan ráðuneytisins á árinu 1968, hafi úrskurðað
stefnendum sanngjarna þóknun, og er því haldið fram, að stefn-
endur séu bundnir við þann úrskurð. Í höfuðdráttum hafi þókn-
unin verið metin þannig, að vinnustundafjöldi sá, sem nefndar-
menn gáfu upp, hafi verið lagður til grundvallar, en þeim nefnd-
armönnum, sem ekki voru starfsmenn Háskólans, var ákveðið
kr. 400 á hverja klukkustund, en þeim Lofti og Ragnari sem næst
kr. 300. Tölur þessar hafi síðan verið „rúnnaðar“ af lítilliga.

Stefndu mótmæla því, að viðtaka háskólarektors á reikningi
frá stefnendum og álitsergerð feli í sér skuldbindingu um að greiða
reikninginn. Þá hafa stefndu haldið því fram, að reikningur
stefnenda ætti að lækka með hliðsjón af stjórnunarskyldu tveggja
stefnenda við Háskóla Íslands. Loks halda stefndu því fram, að
stefnendur séu bundnir við þann afslátt, sem þeir veittu í upp-
hafi, þ. e. kr. 500 á tímann.

4.0.

4.1. Háskólarektor fól þáverandi deildarforseta verkfræði- og
raunvísindadeildar, Þorbirni Sigurgeirssyni, að tilkynna um-
rædda nefndarskipun með bréfi, dags. 30. júlí 1970 (sbr. nr. 17).
Í bréfinu var deildarforseta falið áður að komast að samkomulagi
við háskólaritara um greiðslur til nefndarmanna. Samkvæmt
gögnum málsins ritaði deildarforseti eftir viðtal við háskólaritara
svofellda setningu á dskj. nr. 17: „um þóknun fyrir nefndar-
störfin fer skv. ákvörðun trúnaðarmanna fjármálaráðuneytisins
um þóknun fyrir slík störf“. Þessi skilaboð óbreytt kveðst deildar-
forseti hafa flutt munnlega á fyrsta fundi með nefndarmönnum
þann 20. júlí 1970, enda ekki reynst kleift að fá fyllri upplýs-
ingar þrátt fyrir tilraunir. Er nánar um þetta fjallað í 2.1.

Óljóst er, hverjir nefndarmanna voru þarna mættir, en deildar-
forseti taldi þó „megnið af þeim“ hafa verið til staðar. Engin

fundargerð virðist hafa verið haldin, og ótvíræð sönnunargögn eru ekki fyrir hendi um atburði þessa fundar. Í fundarboði formanns nefndarinnar, Lofts Þorsteinssonar, til nefndarmanna, dags. 7. sept. 1970 (dskj. nr. 16), er m. a. vitnað til fundarins 20. júlí og sagt, að þá hafi m. a. komið fram: „Deildarforseti lét þess getið, að greiðslur fyrir nefndarstörf yrðu ákveðnar í samráði við trúnaðarmenn fjármálaráðuneytisins“.

Stefnendur tóku að sér að framkvæma umrætt verk án laga-skyldu. Tveir stefnenda voru á þessum tíma fastir ríkisstarfsmenn, en ekki verður talið, að þeim hafi verið skylt að vinna þetta verk sem hluta af því starfi sínu. Sérstök lagafyrirmæli eru ekki um þá greiðslutilhögun, sem stefndu gera nú ráð fyrir, og ósannað er, að stefnendur séu bundnir af fastmótuðum venjum í þessa átt. Skilaboð þau, sem stefnendur fengu um tilhögun greiðslna, voru ófullkomin og ekki án tvímæla. Verður ekki fullyrt, að stefnendur hafi mátt gera sér ljósa þá meðferð mála, sem stefndu byggja nú á. Telja verður því, að stefnendur séu óbundnir af fyrrgreind-um fyrirvara. Um stefnendur Ragnar og Loft giltu ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954, að því er tekur til umrædds starfs. Af hálfu stefndu var þóknun fyrir starfið til Ragnars ákveðin hæfileg kr. 80.000, en til Lofta kr. 90.000. Endurgjald fyrir verkið hefur ekki verið metið. Með hliðsjón af eðli og umfangi verksins, þess tíma, sem til þess var varið, og tímakaups, sem við var miðað, þykir ekki nægjanlega hafa verið sýnt fram á, að ákvörðun þessi sé andstæð fyrirmælum fyrrgreindrar 34. gr. Ekki er unnt að fallast á það með stefnendum, að móttaka rektors Háskólans á reikningi eða skýrslu þeirra eða yfirlýsing hans af því tilefni hafi sjálf-stætt falið í sér skuldbindingu fyrir stefndu til að greiða reikn-inginn með þeirri fjárhæð, sem stefnendur kröfðu. Stefnendur Ragnar og Loftur eru af þessum ástæðum bundnir við fyrrgreinda ákvörðun.

Stefnendur framvísuðu reikningi, þar sem svofelld grein er gerð fyrir tímakaupi: „Tímataxti kr. 750.00 ÷ 33½ = 500“. Af skýrslum stefnenda má ráða, að tímakaupið var miðað við gjald-skrá Verkfræðingafélags Íslands, en stefnendur voru þar félags-menn. Af skýrslum stefnenda má helst ráða, að afslátturinn hafi verið veittur í þágu Háskóla Íslands. Ósannað er, að nokkur fyrir-vari hafi verið gerður varðandi afsláttinn við afhendingu reikn-ings eða skýrslu. Ber að líta svo á, að stefnendur Gunnar, Gutt-ormur og Einar hafi talið þessa fjárhæð hæfilega, eins og á stóð, fyrir umrætt verk. Eru þeir því bundnir af þessari kröfugerð

sinni. Rökstudd andmæli hafa ekki komið fram um það, að þessi kröfugerð sé ósanngjörn.

Úrslit málsins eru því þau, að stefnandi Ragnar fær dæmt kr. 80.000, Loftur kr. 90.000, Guttormur kr. 140.000, Gunnar kr. 135.000 og Einar kr. 142.500. Frá þessum fjárhæðum samanlögðum ber að draga viðurkennda inngreiðslu, kr. 500.000. Vexti ber að dæma af mismuninum, en þeir þykja hæfilega ákveðnir 7% á ári frá 1. febr. 1972 til 16. maí 1973, en 9% frá þeim degi til greiðsludags. Háskóli Íslands á stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið. Hann nýtur ríkisframlaga, m. a. vegna verks þess, sem mál þetta er sprottið af. Hins vegar fellur Háskólinn ekki undir hið almenna stjórnarkerfi landsins, og með sérstökum lagaheimildum er honum veitt sjálfstjórn í þeim mæli, að eðlilegt er að telja hann sjálfstæða lögpersónu. Sérstakar lagaheimildir bjóða ekki, að stefna ráðuneytunum, eins og hér stendur á. Þykir eiga að líta svo á, að ráðuneytunum sé aðeins stefnt til vara. Kröfugerð á hendur þeim kemur því ekki til frekari álita. Stefndi Háskóli Íslands á að greiða stefnendum málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 35.000.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Háskóli Íslands, greiði stefnanda Ragnari kr.80.000, stefnanda Lofti kr. 90.000, stefnanda Guttormi kr. 140.000, stefnanda Gunnari kr. 135.000 og stefnanda Einari kr. 142.500, allt að frádregnum kr. 500.000, en með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000 í málskostnað. Framangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.